

Nr. 056/ 12 Stapi BA 79***Eldur í höfn***

Skipaskr.nr. 6376
Smíðaður: Hafnarfirði 1982, plast
Stærð: 4,8 brl. 5,6 bt.
Mesta lengd: 9,08 m Skráð lengd: 8,7 m
Breidd: 2,37 m Dýpt: 1,24 m
Vél: Yanmar 66 kW 1999
Fjöldi skipverja: 1



Stapi ©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. júní 2012 lá Stapi BA 79 við bryggju í Patreksfjarðarhöfn.

Skipstjóri hafði gagnsett vélina, kveikt upp í eldavélinni um morguninn og fært bátinn til að taka olíu og ís til sjóferðar. Hann fór þá frá borði til að sinna öðrum erindum en þegar hann hafði verið í landi skamma stund sá hann að reyk lagði frá stýrishúsinu. Þegar hann kom aftur um borð var kominn mikill eldur upp með eldavélinni og upp í stýrishúsið. Hann komst þrátt fyrir eldinn og reykinn inn í rýmið og náði í slökkvitæki og slökkti eldinn.

Miklar skemmdur urðu í framrýminu og stýrishúsinu vegna elds og reyks svo skipta var öllum innviðum út.

Við rannsókn kom fram:

- að eldavélin var gömul Sóló eldavél með rafmagns trekkblásara og olúskammtara af hefðbundinni „Refleks“ gerð fastur til hliðar utan á eldavélinu. Hæð flotholts í olúskammtaranum ræður hámarkshæð olúunnar í olúbolla eldhólsins;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa orðið var við að hæð olúskammtarans hafi breyst og þetta virkað eðlilega í róðrunum í maí en nær þrjár vikur voru síðan. Eldavélin væri gömul og gat gæti hafa verið komið á olúrorið inni í vélinni eða eldhólfið orðið tært og farið að leka. Aðal eldurinn hafi verið inni í vélinni undir eldhólfinu þar sem olía var mest og þaðan rann hún út úr vélinni. Hann sagði að þetta hafi allt verið rífið út í flýti án þess að leita orsaka;

- að báturinn var búinn að liggja frá því í byrjun maí og þar til kveikt var upp í þetta sinn;
- að ekki var unnt að rannsaka eldavélina þar sem þegar var ráðist í lagfæringar eftir brunann.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök brunans vera þá að það kviknaði í eldavél.